

## Guðrún E Gunnarsdóttir

---

**From:** Eydís Þ. Indriðadóttir  
**Sent:** miðvikudagur, 12. ágúst 2020 09:25  
**To:** Guðrún E Gunnarsdóttir  
**Subject:** FW: Seyruverkefnið  
**Attachments:** SeyrustaðirSamstarfUmsjón.doc

SF\_237

---

**From:** Jón Valgeirsson <jon@fludir.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 12. ágúst 2020 09:18  
**To:** Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>; Oddviti Bláskógabyggðar <oddviti@blaskogabyggd.is>; Ása Valdís Árnadóttir <asavaldis@gogg.is>; Ingibjörg Harðardóttir | Sveitarstjóri GOGG <gogg@gogg.is>; Eydís Þ. Indriðadóttir <eydis@floahreppur.is>; Árni Eiríksson <arni@floahreppur.is>; Valtýr Valtýsson <valtyr@asahreppur.is>; Ásta Berghildur Ólafsdóttir <asta@asahreppur.is>; guðmundur@asahreppur.is; Bjarni Hlynur Ásbjörnsson <bjarnihas@skeidgnup.is>; 'skafti@skeidgnup.is' <skafti@skeidgnup.is>; Halldóra Hjörleifsdóttir <halldora@fludir.is>  
**Cc:** Hannibal Kjartansson <hannibal@fludir.is>  
**Subject:** Seyruverkefnið

Sæl verið þið

Ég var langt komin með að vinna drög að að endurskoðuðum samstarfssamningi milli sveitarfélaganna fyrir sumarfrí en hér koma drög sem mætti ræða.

Það væri gott að hittast í haust út af þessu og ræða hvernig við nálgumst þetta því það þarf líka að skoða fasta kostnaðinn betur út af rekstri en núna er húsnæðið komið í fasteignamat o.fl. Við eigum líka eftir að vígja húsið og auðvitað væri viðeigandi að klára samninginn fyrir þann tíma og skrifa undir hann þar.

Þið skoðið þetta og við getum síðan hugað að 2m hittingi eða Teams fundi.

Kveðja

JGV

Jón G. Valgeirsson  
sveitarstjóri  
480-6600  
[jon@fludir.is](mailto:jon@fludir.is)

**Samstarfssamningur  
um  
sameiginlegan seyrurekstur**

Sveitarfélögin Hrunamannahreppur kt. 640169-2309 Bláskógabyggð, kt. 510602-4120, Grímsnes- og Grafningshreppur, kt. 590698-2109, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410, Flóahreppur, kt. 600606-1310 og Ásahreppur, kt. 430169-0339 gera með sér svofelldan samstarfssamning um sameiginlegan rekstur starfsmanns, tækja og svæðis vegna hreinsunar og verkun seyru með aðstöðu að Flatholti 3, Flúðum, Hrunamannahreppi.

**1. gr.**

Samkomulag er milli sveitarfélaganna um að standa sameiginlega að hreinsun, verkun og förgun seyru. Markmiðið er að endurvinna seyru á þann hátt að hún teljist til hreinsaðar seyru skv. skilgreiningu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Þá er tilgangurinn einnig að standa sameiginlega að afsetningu seyrunnar á skilgreind svæði í samráði við landeigendur og Landgræðslu ríkisins á grundvelli samnings þar um. Þá er einnig tilgangurinn að standa sameiginlega að hreinsun seyru á rotþróm og hreinsimannvirkjum sem heyra undir sveitarfélagin, þ.e. aðallega rotþróm við sumarbústaði, íbúðarhús og eignir sveitarfélaganna. Jafnframt standa samningsaðilar að sameiginlegum starfsmanni sem er þjónustufulltrúi seyruverkefnisins.

Með samningi þessum gera sveitarfélögin samkomulag um fjárfestingu og rekstur á sameiginlegu svæði um verkun seyru að Flatholti 3 Flúðum. Jafnframt tekur samkomulag þetta til fjárfestingar og rekstur á sameiginlegum tækjabúnaði til meðhöndlunar og losunar á rotþróm í sveitarfélögunum, t.d.hreinsibifreiðum og þjónustufulltrúa seyruverkefnisins.

Fjárfesting vegna stofnkostnaðar sameiginlegs seyrusvæðis og hreinsitækja er reiknuð hlutfallslega út frá fjölda byggðra lóða sem hafa hlotið lokaúttekt byggingarfulltrúa í sveitarfélögunum og eiga að vera tengd fráveitukerfi. Kostnaðarskiptingin er eftirfarandi:

- |                                 |     |
|---------------------------------|-----|
| • Grímsnes- og Grafningshreppur | 43% |
| • Hrunamannahreppur             | 9%  |
| • Bláskógabyggð                 | 34% |
| • Skeiða- og Gnúpverjahreppur   | 7%  |
| • Flóahreppur                   | 5%  |
| • Ásahreppur                    | 2%  |

Árlegum starfsmannakostnaði vegna þjónustufulltrúa seyruverkefnisins er skipt á á milli sveitarfélaganna í sömu hlutföllum og með fjárfestingu.

Árlegum rekstrarkostnaði vegna reksturs á seyrusvæði er skipt milli sveitarfélaganna eftir magni hreinsaðrar seyru (m<sup>3</sup>) eða (kg). en þó skal fyrst skipta 5%??? kostnaðar að jöfnu milli samningsaðila.—Undir rekstrarkostnað fellur t.d. vinna verkamanna, viðhald á tækjum og vinnslusvæði, flutningur og dreifing seyrunnar, landleiga, rafmagn, vinnsluefni, vatn, rekstur þjónushúsnæðis að Flatholti 3 o.fl. Ef upp koma

sérstök tilfelli eða óvenjulegar aðstæður kann að þurfa að semja um þann kostnað sérstaklega.

Árlegum kostnaði vegna rekstur á hreinsitækjum er skipt milli sveitarfélaganna þannig að greitt er fyrir losun á hverri rotþró eftir ~~m3 magni þeirra fjölda og stærð þeirra~~ auk aksturs frá rotþró til losunarstað að Flatholti 3, Flúðum ~~en fyrst~~ skal þó skipta 5%??? kostnaðar að jöfnu milli samningsaðila. Skiptistuðlarnir eru eftirfarandi:

Rotþrær undir 6m <sup>3</sup>	Stuðull 1
Rotþrær 6-10m <sup>3</sup>	Stuðull 1,5
Rotþrær 10-15m <sup>3</sup>	Stuðull 2
Rotþrær 15-20m <sup>3</sup>	Stuðull 2,5
Rotþrær 20-30m <sup>3</sup>	Stuðull 4
Rotþrær 30-45m <sup>3</sup>	Stuðull 6
Sveitarfélag greiðir kr. 500 á hvern ekinn km. (sérstök gjaldskrá???)	

-Sett verður sérstök gjaldskrá fyrir þessa þjónustu. ~~Í gjaldskrá verður þar sem tekin verður ákvörðun um breytingar á km. gjaldi ogeinnig tekin ákvörðun~~ um endurgjald fyrir hreinsun seyru fyrir rekstaraðila sem ekki heyrir undir skyldur sveitarfélagana. Undir rekstarkostnað fellur t.d. laun starfsmanna, viðhald og umsjón tækja, rekstur hreinsitækja, starfsmannahald, bókhald, kaup á þjónustu verktaka o.fl.

## 2. gr.

Hrunamannahreppur sér um framkvæmd og umsjón verkefnisins og verður umsjónarfélag þess. Það heldur utan um fjárfestingu, rekstur og skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaganna og miðlar þeim með reglulegum hætti til sveitarfélaganna.

Sveitarfélögin skipta einn fulltrúa og annan til vara í sjóm verkefnisins, kölluð „seyrustjórnin“ í samningi þessu, sem ber ábyrgð á rekstri verkefnisins.

Sjóm Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs, kölluð Oddvitanefnd í samningi þessum ber ábyrgð á rekstri verkefnisins.

Tæknisvið Umhverfis og tæknisviðs Uppsveita bs. (UTU) er síðan Hrunamannahreppi og Oddvitanefnd til ráðgjafar vegna verkefnisins.

## 3. gr.

Hrunamannahreppur heldur utan um rekstur og fjárhagsleg málefni vegna sameiginlegs kostnaðar og önnur þau verkefni sem oddvitanefnd felur því. Sveitarstjóri Hrunamannahrepps er jafnframt yfirmaður verkefnisins.

Verkefni Hrunamannahrepps verða nánar tiltekin eftirfarandi:

1. Ráða starfsmenn í áhaldahús Hrunamannahrepps til að sinna umsjón seyruvæðisins og starfsmenn á hreinsitækjum.
- 1.2. Ráða og sjá um starfsmannahald vegna þjónustufulltrúa seyruverkefnisins
- 2.3. Skipuleggja vinnu starfsmanna á hreinsitækjum í samráði við UTUþjónustufulltrúa.
- 3.4. Sjá almennt um starfsmannahald og aðstöðu vegna starfsmanna á hreinsitækjum.
- 4.5. Ráða verktaka við flutning og dreifingu seyru.
- 5.6. Leigja nauðsynleg tæki vegna starfssemi á seyruvæðinu.

- 6.7. Halda utan um fjárfestingu á seyrusvæði og hreinsitækjum í samráði við UTU og Oddvitanefndstjórn.
- 7.8. Sjá um almenn samskipti við Landgræðslu ríkisins.
- 8.9. Greiða allan útlagðan kostnað vegna verkefnisins.
- 9.10. Halda utan um tímaskráningu starfsmanna sem vinna við verkefnið á seyrusvæðinu.
- 10.11. Greiða almennan skrifstofukostnað.
- 11.12. Reikna og greiða út laun þeirra einstaklinga er vinna við verkefnið.
- 12.13. Sjá um uppgjör til lífeyrissjóða og stéttarféлага.
- 13.14. Skrá í launakerfi og gera ráðningarsamninga.
- 14.15. Gera lokauppgjör vegna sveitarfélaga.
- 15.16. Setja Gera tillögu að gjaldskrá vegna útseldar þjónustu í samráði við til að leggja fyrir Oddvitanefndstjórn
- 16.17. Gera fjárhagsáætlun vegna verkefnisins.
- 17.18. Vera tengiliður við UTU og Oddvitanefnd þjónustufulltrúa og stjórn.
- 18.19. Önnur þau verkefni sem Oddvitanefndstjórn kann að fela því.

Fyrir umsjón með reksti seyrusvæðis að Flatholti 3 eru greiddar kr. 50.00056.000 á mánuði til Hrunamannahrepps sem telst til umsjónar- og skrifstofukostnaðar verkefnisins. Tímagjald á vinnu starfsmanna Hrunamannahrepps verður kr. 6.0006.700 á klst. óháð vinnutíma þeirra.

Fyrir umsjón með rekstri hreinsitækja og starfsmanna tengdum henni eru greiddar kr. 130.000145.000 á mánuði til Hrunamannahrepps sem telst til umsjónar- og skrifstofukostnaðar vegna verkefnisins.

Fjárhæðir skv. ofansögðu miðast við launavísitölu, upphafsvísitala 630,7705,6 stig og hækkar einu sinni á ári 1. janúar ár hvert.

#### 4. gr.

Hrunamannahreppur greiðir og heldur utan um allan kostnað vegna verkefnisins skv. samningi þessum en reksti vegna fjárfestingar, þjónustufulltrúa, seyrusvæðis og hreinsitækja verður haldið aðskildum og verða sér uppgjör vegna hvors hluta fyrir sig.

Sveitarfélögin greiða síðan á mánaðar fresti greiðslur til Hrunamannahrepps til að mæta kostnaði sem fallinn er á verkefnið sem síðan er gerður upp í byrjun árs þegar endanlegur kostnaður næstliðins árs liggur fyrir.

Kostnaður hvers sveitarfélags á almanaksárinu vegna fjárfestinga og reksturs verkefnisins verður síðan gerður upp í lok hvers árs þegar rauntölur liggja fyrir.

#### 5. gr.

Ef eitt eða fleiri sveitarfélag kýs að hætta samstarfinu þá tekur það gildi um áramót og skal tilkynning um úrsögn borist sex mánuðum fyrir. Um uppgjör vegna endurgreiðslu stofnkostnaðar þarf að semja sérstaklega m.a. með tilliti til afskrifta o.fl.

#### 6. gr.

Samningur þessi tekur gildi þann 01.0201.2018-2020 og frá sama tíma falla-fellur úr gildi eldri samstarfssamningurar um sameiginlegan seyrurekstur verkun og förgun seyru frá 26.03.2015 og umsjónar frá 12.05.2016, frá 7. febrúar 2018 milli sveitarfélagna..

Ásahreppur greiðir kr. 2.000.000 í eingreiðslu vegna inngöngu sveitarfélagsins í verkefnið samhlíða undirritun samnings þessa.

Samningur þessi er gerður í sex samhljóða eintökum, eitt fyrir hvern samningsaðila.

7. febrúar 2018/2020.

Formatted: Indent: Left: 0,63 cm, No bullets or numbering

\_\_\_\_\_  
f.h. Hrunamannahrepps

\_\_\_\_\_  
f.h. Bláskógabyggðar

\_\_\_\_\_  
f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

\_\_\_\_\_  
f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

\_\_\_\_\_  
f.h. Flóahrepps

\_\_\_\_\_  
f.h. Ásahrepps